

AUGLÝSING

um skipulagsmál Reykjanesbæ.

Á fundi 18. nóvember 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Deiliskipulagstillaga fyrir Spítalareit. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Á fundi 7. október 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Brekadalur 63. Heimild var veitt til að breikka byggingarreit úr 10 m í 11 m og að auka byggingarmagn á lóð um 24 m², sbr. uppdrætti Beims ehf. dags. 6. ágúst 2025.

Á fundi 16. september 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Þræstartjörn 44. Heimild var veitt til stækkunar bílgeymslu skv. uppdráttum KRark dags. 6. apríl 2022.

Á fundi 17. júlí 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Vitabraut 7. Heimild var veitt til stækkunar á byggingarreit, sbr. uppdrátt VERKÍS dags. 26. júní 2026.

Á fundi 4. mars 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Tjarnarbraut 38. Breytingin felst í stækkun á byggingarreit um 1,5 m til suðurs og að nýtingarhlutfall fari úr 0,19 í 0,23, sbr. uppdrætti Eggerts Guðmundssonar dags. 16. janúar 2025.

Á fundi 18. febrúar 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Trölladalur I-II. Fyrirkomulagi sorpskýla á lóð er breytt, sbr. uppdrátt TEIKNA dags. 13. janúar 2025.

Á fundi 4. febrúar 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Vallargata hlaut heimild til þess að byggja svalir við húsið sbr. uppdrætti Tækniþjónustu SÁ. *Hljómahöll* hlaut heimild fyrir 152 m² stækkun á núverandi einnar hæðar byggingu og mun viðbyggingin hafa sömu hæð útveggja og núverandi bygging.

Eftirfarandi breyting á deiliskipulagi hlaut málsferil skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Deiliskipulag Nesvalla breytist á Móavöllum. Breytingin felst í að heimilt verði að svalir fari 0,5 m út fyrir byggingarreit og að heimild sé fyrir kjöllum undir húsum.

Á fundi 21. janúar 2025 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Bergvegur 14. Heimild hefur verið veitt til þess að breyta bílgeymslu í íbúð og geymslu. sbr. uppdrátt Tækniþjónustu SÁ dags. 16. desember 2024.

Á fundi 5. nóvember 2024 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Tjarnarbraut 36. Breyting felst í stækkun á byggingarreit til suðurs um 1,5 m og að leyft verði að byggja 190 m² einbýlishús á einni hæð í stað 170 m² húss. Nýtingarhlutfall fer úr 0,19 í 0,22.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka allar þegar gildi.

Reykjanesbæ, 19. desember 2025.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 19. janúar 2026